

**7. bekkur - námsgrein: TÓNMENNT - kennari: Hekla Magnúsdóttir****- tímafjöldi:2**

Námsgögn: Bókin Hljóðspor, skólahljóðfæri, tölvur, ipad. Ýmis gögn frá kennara.

Lykilhæfni:

Í tónmennt er komið inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

Tjáning og miðlun
Skapandi og gagnrýnin hugsun
Sjálfstæði í vinnubrögðum og samvinna
Nýting upplýsinga
Ábyrgð og mat á eigin námi.

Grunnþættir:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex. Unnið er með alla þessa þætti, en þó mismikið eftir árgöngum: *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun*. Sjá nánar í skólanámskrá Landakotsskóla.

Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár.

Í Landakotsskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda. Í meginráttum er endurgjöf og námsmat til nemenda með tvenns konar hætti:

- *í formi óformlegs námsmats í gegnum samtal, hvatningu og leiðsögn í kennslustundum sem byggt er á skýrum markmiðum sem eru nemendum ljós.*
- *með formlegri hætti með ólíkum verkefnum sem nemandi vinnur ýmist í skólanum eða sem heimaverkefni. Nemendur sýna hæfni sína með ritgerðum, kynningum, munnlegum, verklegum eða skriflegum prófum, leikþáttum, stuttmyndum, framsöguverkefnum myndverkum eða dansverkum þar sem styrkleikar nemenda geta notið sín. Í þessum verkefnum fá nemendur formlegri endurgjöf sem getur verið í formi einkunnarorða, bókstafa, prósentutölu, stigagjafar eða umsagnar. Nemendur vinna einnig sjálfsmat og jafningjamat með sambærilegum hætti. Námsmatið er grundvallað á þeim hæfniviðmiðum sem unnir er með hverju sinni.*





Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2025-2026

Hæfniviðmiðin eru sá grundvöllur sem náms- og kennsluaðferðir og námsmat byggjast á.

- Hæfniviðmiðin skýra fyrir nemendum til hvers er ætlast af þeim og leiðbeina við námið, hvetja og auka skilning á tilgangi námsins.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að gera sér skýra grein fyrir því hvað það er sem þeir vilja að nemendur nái tökum á varðandi þekkingu og leikni.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að velja hentugar kennsluaðferðir og skilgreina hvernig meta skuli árangur og hvort tiltekinni hæfni sé náð.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Náms-og kennsluaðferðir	Námsmat
HRYNUR	Að nemandi geti leikið margvíslegan hryn á takthljóðfæri, einn og með öðrum.	Hrynæfingar í ólíkum takti og stílum. Slátturhljóðfæri og líkamsásláttur.	Símat • samvinna • hegðun • Þátttaka
Laglína	Geti beitt rödd sinni í tónlistarsköpun, söng eða rappi einn eða með öðrum.	Spuni og lög.	Símat • samvinna • hegðun • Þátttaka
Hljómar	Samið og skráð stef, laglínur og hljóma og nýtt í eigin tónsmíð	Ýmis verkefni. Spilað á hljóðfæri.	Símat • samvinna • hegðun • Þátttaka



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2025-2026

Hljóðfæraleikur	Geti notað hljómahljóðfæri eða laglínuhljóðfæri á viðeigandi hátt í einföldu samspili eða hljómsveit. Samið lag eða tónverk á hljóðfæri, einn eða í hópi.	Skólahljóðfæri. Nemendur semja verk	Símat • samvinna • hegðun • þátttaka
-----------------	--	--	--

ANNARÁÆTLUN				
Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Dagsetning mats	Annað
September-nóvember	-Raftónlist -Blús tónlist	-Lag búið til með forriti í Ipad. -Nemendur vinna verkefni um blústónlist og semja svo verk í blússtíl		
desember	-Tónlistarstefnur. -Kynning á tónlist sem að þau elska	Verkefni unnin í tölvu/ipad.		
Janúar-mars	Beatbox. Að semja lag og taka það upp.	Upptökur með tölvum.		
Apríl-júní	-Raftónlist -Spuni -Kántrí og Rokktónlist	Skólahljóðfæri Tölvur		



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2025-2026

	-Verkefni, kynning og svo lag samið.			
--	--------------------------------------	--	--	--

Áskilinn er réttur til breytinga á áætlun og námsmati.